

Ár 2012, föstudaginn 16. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður umhverfis- og auðlindamála er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum, sbr. 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 13. október 2011 frá umhverfisráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð ákvarði launakjör forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í bréfinu kemur fram að frá 1. janúar 2012 taki ný nefnd, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála til starfa við gildistöku laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Vegna fullgildingar Íslands á Árósasamningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, hafi verið gerðar breytingar á íslenski löggjöf til að tryggja að hún samræmist samningnum. Breytingar þessar komi til framkvæmda 1. janúar 2012. Helstu lagabreytingar eigi að tryggja aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð og virkum úrræðum til endurskoðunar ákvarðana stjórnvalda um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Jafnframt er kröfum um endurskoðunarleið mætt með því að fela sjálfstæðri úrskurðarnefnd það hlutverk að úrskurða um ágreining vegna ákvarðana á þessu sviði. Hin nýja nefnd muni einnig taka við hlutverki úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem starfað hafi samkvæmt lögum nr. 123/2010 og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem starfað hafi samkvæmt lögum nr. 71/1998. Þær nefndir verði því báðar lagðar niður. Hin nýja úrskurðarnefnd muni einnig taka að sér að úrskurða um ágreining vegna útgáfu, endurskoðunar eða afturköllunar leyfa til framkvæmda, auk ákvarðana um framkvæmd umhverfismats, um matsskyldu og um sameiginlegt mat framkvæmda, sem falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og séu á verkefnasviði umhverfisráðuneytisins. Þá muni nefndin hafa með höndum endurskoðun á tilteknum stjórnvaldsákvörðunum sem nú sé á verksviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins og eðilegt þyki að falli undir verksvið nefndarinnar. Með bréfinu fylgdi yfirlit yfir þær stjórnvaldsákvörðanir og fjölda kæra á árunum 2008-2010 sem teknar hefðu verið til meðferðar hjá áðurnefndum ráðuneytum og færast til hinnar nýju úrskurðarnefndar samkvæmt lögum. Með flutningi áðurnefndra verkefna til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála megi gera ráð fyrir 20% aukningu á verkefnum miðað við þau verkefni sem úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hafi haft. Jafnframt megi búast við að nýja nefndin þurfi að takast á við stærra og tímafrekari mál en almennt hafi komið til úrlausnar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Með bréfum dagsettum 10. nóvember 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerð vegna erindis umhverfisráðuneytisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var forstöðumanninum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Í bréfi forstöðumannsins til kjararáðs dagsettu 21. nóvember 2011 dregur hann í efa mat umhverfisráðuneytisins um 20% aukningu á verkefnum hjá hinni nýju nefnd og telur að hún verði meiri. Fara verði varlega í að álykta út frá yfirliti um fjölda mála þar sem viðmiðunartímabilið taki til sögulegs samdráttarskeiðs í kjölfar efnahagshruns og því ekki að vænta margra úrlausnarefna um framkvæmdir af stærra tagi, svo sem virkjana- og stjóriðjuframkvæmdir, eða um álitæfni er tengist mati á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda. Verði að telja að nýja nefndin muni á komandi misserum þurfa að takast á við slík verkefni sem bæði séu stærra og tímafrekari en þau mál sem að jafnaði komu til kasta úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Þessu fylgi aukin krafa um mikla sérþekkingu og færni. Föstum starfsmönnum muni fjölga sem nemi um 5,5 stöðugildum og föstum

nefndarmönnum fjölgi úr fimm í sjö. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála verði með allra stærstu úrskurðarnefndum í stjórnsýslunni og fari líklega með þau mál þar sem mestir hagsmunir séu í húfi. Erfitt sé að finna hliðstæður til að styðjast við þegar ákvarða skuli launakjör forstöðumannsins.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 23. nóvember 2011. Í bréfinu segir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sé ný nefnd frá 1. janúar 2012. Nefndin taki meðal annars við hlutverki úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem starfað hafi samkvæmt lögum nr. 123/2010 og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem starfað hafi samkvæmt lögum nr. 71/1998.

III.

Vegna fullgildingar Íslands á Árósasamningnum sem fjallar um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á íslenskri löggjöf. Setning laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og laga nr. 131/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins var liður í því ferli að fullgilda samninginn hér á landi.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011 og tók hún til starfa 1. janúar 2012. Samkvæmt 1. gr. laganna hefur nefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Í 2. gr. laganna segir að umhverfisráðherra skipi sjö menn í nefndina og jafnmarga til vara. Einn nefndarmanna, sem skal vera formaður hennar og forstöðumaður og hafa starfið að aðalstarfi, er skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Samkvæmt 3. gr. laganna hefur forstöðumaðurinn yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við og ræður annað starfsfólk nefndarinnar. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og hvort hún er skipuð þremur eða fimm mönnum. Nefndin getur falið formanni að úrskurða í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmuni.

Eins og fram kemur hér að ofan er hlutverk úrskurðarnefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði, sbr. einnig lög nr. 131/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins. Verksvið nefndarinnar nær yfir löggjöf sem heyrir undir umhverfisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Sem dæmi má nefna að nefndinni er falið að úrskurða um ágreining vegna útgáfu, endurskoðunar eða afturköllunar leyfa til framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Einnig tekur hún yfir hlutverk úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnarmála. Auk þessa er nefndinni falin endurskoðun tiltekinnar stjórnvaldsákvarðana á verkefnasviði umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið er úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ný nefnd sem hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála. Tekur hún meðal annars yfir verkefni úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna. Við ákvörðun launakjara forstöðumannsins hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanns úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eins og þau voru, en tekið mið af auknum verkefnum og umsvifum hinnar nýju nefndar. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum héraðsdómara og dómstjóra sem starfa utan Reykjavíkur.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2012 skulu mánaðarlaun forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, krónur 691.977 frá 1. janúar til 29. febrúar 2012 og krónur 716.196 frá 1. mars 2012.

Að auki skal greiða honum 38 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. janúar til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson